

Fimmtudaginn 14. mars 1996.

Nr. 227/1994.

Guðbjörg Friðriksdóttir Whalen

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

Friðriki A. Jónssyni hf.

(Atli Gíslason hrl.)

Samningar. Umboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. maí 1994 og krefst þess, að stefndi greiði sér 2.019.338 krónur með dráttarvöxtum frá 25. maí 1989 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara gerir hann gagnkröfu til skuldajafnaðar, að höfuðstól allt að 6.334.379 krónum, auk málskostnaðar sem í aðalkröfu.

I.

Systkinin Guðbjörg, Jón og Ögmundur Friðriksbörn áttu hvert sinn þriðjung í hlutafélaginu Friðriki A. Jónssyni og sameignarfélaginu Gelli. Friðrik A. Jónsson hf. var með verslunarrekstur undir stjórn Ögmundar, Jón rak Gelli sf., en áfrýjandi, sem bjó í Bandaríkjunum, kom nálægt hvorugum verslunarrekstri. Ögmundur óskaði eftir að kaupa hlutabréf systkina sinna í Friðriki A. Jónssyni hf. Gerðu þau með sér tvo skriflega samninga 12. og 13. júní 1988. Eru þeir annars vegar „Tillaga um skipti (kaup) á fyrirtækinu Friðrik A. Jónsson hf., Skipholti 7, Reykjavík, milli eigenda Guðbjargar, Jóns og Ögmundar Friðriksbarna“ og hins vegar „Samkomulag“, sem vísar til fyrrnefndrar tillögu, og varð hún hluti samkomulagsins.

Í tillögunni segir, að eignir félagsins að frá dregnum skuldum séu metnar á 75.000.000 krónur. Skuldirnar eru taldar skammtímaskuldir, 15.000.000 krónur, og langtímaskuldir, 3.000.000 krónur. Síðan segir:

„Skipting á félaginu fer fram með eftirfarandi hætti:

Ögmundur fær í sinn hlut allan rekstur fyrirtækisins, Friðriks A. Jónssonar hf., með öllum þess gögnum og gæðum, hverju nafni sem nefnast, þar með talin viðskiptavild.

a) Guðbjörg og Jón fá í sinn hlut húseign félagsins að Skipholti 7, Reykjavík, metna á	kr.	36.000.000
b) Guðbjörg og Jón fá greitt í peningum . . .	–	2.000.000
c) Friðrik A. Jónsson hf. gefur Guðbjörgu, Jóni og Gelli sf. kvittun fyrir skuldum þessara aðila við félagið og skuldabréf fyrir mismuninum. Bréfið verður til 8 ára, vísitölutryggt, með hæstu lögleyfðu vöxtum, samtals skuldakvittanir og skuldabréf.	–	<u>12.000.000</u>
	Kr.	<u>50.000.000“</u>

Í lok tillögunnar segir:

„Eftirstöðvaskuldabréf samkvæmt c-lið hér að ofan afhendist ekki fyrr en ljóst verður, að Ögmundur Friðriksson og Friðrik A. Jónsson hf. verði laus undan ábyrgðum Gellis sf. eða að frá Jóni Friðrikssyni komi skuldabréf með veði í Skipholti 7, Reykjavík, sem verði jafnhátt heildarskuldum Gellis sf., með gjalddögum eftir ca. 6–12 mánuði. Skuldabréfið verði varðveitt hjá þriðja aðila, t. d. Benedikt Blöndal.“

Með undirskrift samkomulagsins staðfestu aðilar samning sinn. Segir þar, að kaupin miðist við 1. júní 1988, og séu seljendur þar með gengin út úr félaginu. Enn fremur segir, að Guðbjörg og Ögmundur tryggi, að Jón fái veðleyfi fyrir 10.000.000 krónum í fasteigninni Skipholti 7. Loks var ákvæði um, að gengið skyldi frá endanlegum kaupsamningi aðila fyrir 1. ágúst 1988. Í lokin sagði:

„Jón Friðriksson skuldbindur sig að stofna hlutafélag um rekstur Gellis sf., sem yfirtekur allar skuldbindingar sameignarfélagsins fyrir 15. júlí 1988, og halda Ögmundi Friðrikssyni og Guðbjörgu Friðriksdóttur skaðlausum af þeim.“

Aðilar komu saman 25. júlí 1988 og gengu frá endanlegum kaupsamningi. Undirrituðu þau „Kaupsamning og afsal“ um hlutabréfin í Friðriki A. Jónssyni hf. Er þar vísað til samkomulags aðila frá 12.

júní og sagt, að það fylgi kaupsamningi þessum og skoðist sem hluti hans.

Samkvæmt lista yfir uppgerðar skuldir, sem fylgdi samningnum, voru skuldir Jóns Friðrikssonar og Gellis við stefnda samtals 8.155.235 krónur, en skuldir Guðbjargar við stefnda 2.310.174 krónur. Segir þar, að Jón skuldi Ögmundi „v/ ofúttektar“ 2.155.235 krónur, en að skuldabréf Ögmundar til Guðbjargar skuli vera að fjárhæð 3.689.826 krónur. Er þar í báðum tilvikum miðað við, að hvort þeirra hafi átt að fá 6.000.000 krónur, sbr. c-lið samkomulagsins 12. júní.

II.

Málsaðilar deila um það, hvort áfrýjandi hafi tekið á sig áhvílandi veðskuldir á 1. veðrétti í fasteigninni Skippholti 7 við samningsgerðina í júní 1988, 25. júlí sama ár, afsalsgerð 8. desember sama ár eða síðar.

Fram er komið í málinu, að eftir samning aðila 25. júlí 1988 hafi dregist að gefa út afsal fyrir fasteigninni Skippholti 7. Í skjölum málsins er afsal til áfrýjanda og Jóns dagsett 8. desember 1988, út gefið af Friðriki A. Jónssyni hf., en óundirritað af afsalsviðtakendum. Á bakhlið þess er handrituð yfirlýsing, dagsett 14. febrúar 1989, sem rakin er í héraðsdómi. Í málinu liggja einnig fyrir drög að afsali til áfrýjanda einnar, samin af lögmanni stefnda í mars 1989, en óundirrituð með öllu. Er í þeim gert ráð fyrir, að áfrýjandi taki að sér flestar áhvílandi veðskuldir, þar á meðal skuld á 1. veðrétti, sem deilt er um í máli þessu.

Af orðalagi samninga aðila í júní 1988 og skýringum vitnis þess, sem annaðist bókhald Friðriks A. Jónssonar hf. og sá um gerð samninganna, er ljóst, að fasteignin Skippholt 7 hafi átt að ganga til áfrýjanda og Jóns veðbandalaus. Verður ekki litið svo á, að í samningum aðila, sem gerðir voru 1988, hafi falist skuldbinding þess efnis, að áfrýjandi skyldi taka á sig greiðsluskyldu stefnda á skuldabréfum þeim, er hvíldu á 1. veðrétti.

III.

Stefndi hefur í máli þessu leitast við að sýna fram á, að hann og Ögmundur Friðriksson hafi eftir júlí 1988 tekið á sig miklar skuldir,

sem stöfuðu frá Gelli sf. Gengið hafi verið að þeim vegna þessara skulda, en ekki áfrýjanda, sem búsett var erlendis, þótt ljóst væri, að hún væri meðábyrg fyrir greiðslu þeirra. Hefur Ögmundur framselt stefnda þær kröfur, sem hann hefur sjálfur tekið á sig af þessum sökum. Samkvæmt fyrirvaranum í samningi aðila í júní 1988 hafi hann ekki þurft að ljúka greiðslum eftir samningnum, fyrr en ábyrgðarkröfurnar væru upp gerðar. Hann hafi stefnt að því að ljúka málinu á þann veg, að áfrýjandi tæki að sér umræddar veðskuldir á 1. veðrétti gegn því, að hún yrði laus undan endurkröfu af sinni hálfu og Friðriks A. Jónssonar hf. Hann hafi tekið þá ákvörðun að afhenda áfrýjanda eftirstöðvaskuldabréfið 28. júlí 1989, sem honum hafi ekki borið skylda til. Þá hafi honum verið afhent fullnaðarkvittun sú, sem héraðsdómur reisi niðurstöðu sína á. Með þessum ráðstöfunum hafi aðilar í verki sæst á þá niðurstöðu, að skuldin á 1. veðrétti skyldi jafnast út á móti gagnkröfum vegna greiðslna hans á skuldum Jóns Friðrikssonar og Gellis sf., sem lofað hafi verið, að Ögmundur yrði laus við.

IV.

Með vísan til forsendna héraðsdóms ber að fallast á, að ekki sé um aðildarskort að ræða, krafa áfrýjanda sé ekki fyrnd og hún hafi ekki glatað henni fyrir tómlæti.

Fram er komið í málinu, að áfrýjanda var einni boðið að taka við afsali fyrir fasteigninni með áhvílandi veðskuld á 1. veðrétti í mars 1989, en hún hafnaði því. Á þeim tíma var fasteignin komin í uppboðsmeðferð. Áfrýjandi hafði þá lögmann sér til aðstoðar. Hún gaf út umboð til Huldu Óskarsdóttur Perry 10. mars 1989, og var það víðtækt og óskilyrt, eins og fram kemur í héraðsdómi. Vottaði lögmaður hennar umboðið. Henni mátti vera ljóst á þessum tíma, að hverju stefndi með nauðungarsölu eignarinnar. Eignin var seld á uppboði 25. maí 1989, án þess að áfrýjandi gætti þar hagsmuna sinna. Hinn 28. júlí sama ár tók umboðsmaður hennar við framangreindu skuldabréfi, sem gefið skyldi út til áfrýjanda samkvæmt samningnum 25. júlí 1988, að fjárhæð 3.689.826 krónur, að fullnægðum þeim skilyrðum, sem í þeim samningum greindi og að framan eru rakin, og gaf út kvittun að höfðu samráði við lögmann áfrýjanda.

Pegar til alls þessa er litið, verður að fallast á það með héraðsdómi, að undirritun umboðsmanns áfrýjanda á kvittunina 28. júlí 1989 hafi verið skuldbindandi fyrir hana og að með kvittuninni og viðtöku skuldabréfsins hafi farið fram fullnaðaruppgjör milli áfrýjanda og Ögmundar Friðrikssonar vegna kaupa Ögmundar á hlutabréfum hennar í Friðriki A. Jónssyni hf. samkvæmt þeim samningum, sem gerðir voru í júní og júlí 1988 og að framan eru raktir. Telja verður, að uppgjör þetta hafi jafnframt náð til stefnda Friðriks A. Jónssonar hf., sem er útgefandi skuldabréfsins til áfrýjanda, og eigi hún því ekki kröfur á stefnda vegna veðskulda hans á 1. veðrétti fasteignarinnar. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur.

Eftir atvikum er rétt, að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málkostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. mars 1994.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., er höfðað með stefnu, birtri 10. maí 1993.

Stefnandi er Guðbjörg Friðriksdóttir Whalen, kt. 220638-7319, Blueberry Lane, Hicksville, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Stefndi er Friðrik A. Jónsson hf., kt. 560175-0199, Fiskislóð 90, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 2.019.338 kr. með dráttarvöxtum skv. auglýsingu Seðlabanka Íslands frá 25. maí 1989 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar með á lögðum virðisaukaskatti.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað.

Í greinargerð stefnda var höfð uppi krafa um frávísun vegna skorts á samaðild, en þeirri kröfu var hrundið með úrskurði 7. desember sl.

II.

Hinn 6. desember 1977 lést Guðrún Ögmundsdóttir, en hún hafði setið í óskiptu búi eftir eiginmann sinn, Friðrik A. Jónsson. Erfingjar voru börn þeirra, Jón, Ögmundur, Halldóra og stefnandi máls þessa. Meðal arfs var

eignarhluti í tveimur fasteignum auk skuldabréfa, verðbréfa, hlutabréfa og útistandandi skulda, samtals að verðmæti 11.671.758 kr. að frá dregnum skuldum. Fóru búskipti þannig fram, að hver ofangreindra fjögurra erfingja eignaðist fjórðungshlut í öllum eignum án frekari tilgreiningar, og samkvæmt erfðafjárskýrslu áttu erfingjar allar eignir í óskiptri sameign. Skömmu eftir þetta lést Halldóra Friðriksdóttir, og tóku ofangreind systkini hennar arf eftir hana.

Aðaleign dánarbúsins voru hlutir í Friðriki A. Jónssyni hf., stefnda í máli þessu, og eftir andlát Halldóru átti hvert eftirlifandi systkina þriðjungshlut í félaginu. Þá erfðu systkinin hluti í sameignarfélaginu Gelli. Fyrirtæki þessi voru rekin af Ögmundi og Jóni Friðrikssonum, en stefnandi bjó þá og býr enn í Bandaríkjunum. Fyrri hluta árs 1988 var farið að huga að enn frekari skiptingu eigna þeirra, sem voru í sameign. Kemur fram í tillögu að skiptum á hinu stefnda félagi, dagsettri 13. júní 1988, að eignir þess voru metnar á 93.000.000 kr. og skuldir 18.000.000 kr. og eignir umfram skuldir því 75.000.000 kr. Samkvæmt tillögunni skyldu eignir skiptast þannig, að Ögmundur fengi í sinn hlut allan rekstur stefnda, en stefnandi og Jón húseignina Skipholt 7 hér í borg, þinglýsta eign stefnda, sem metin var á 36.000.000 kr., og auk þess 2.000.000 kr. í peningum og kvittun fyrir skuldum hjá stefnda og skuldabréf fyrir mismuninum, samtals 12.000.000 kr. Skyldi þetta skiptast jafnt milli stefnanda og Jóns. Jafnframt kemur fram í tillögunni, að Ögmundur skyldi greiða 1.500.000 kr. til Gellis sf., enda gengi hann þar með úr félaginu. Í samræmi við tillögu þessa var 12. júní 1988 undirritað samkomulag um sölu á hlutabréfum í stefnda til Ögmundar og vísað til tillögunnar um skilmála. Í samkomulaginu kemur jafnframt fram, að Jón skuldbindur sig til að stofna hlutafélag um rekstur Gellis sf., sem taki á sig allar skuldbindingar sameignarfélagsins fyrir 15. júlí 1988 og haldi Ögmundi og stefnanda þar með skaðlausum af þeim. Á grundvelli þessa var gengið frá endanlegum kaupsamningi og afsali fyrir hlutabréfum í stefnda 25. júlí 1988.

Gengið var frá uppgjöri samkvæmt kaupsamningnum frá 25. júlí 1988, og samkvæmt því er stefnandi talin skulda stefnda 2.310.174 kr., og þar er Jón talinn skulda stefnda 8.155.235 kr. Í samræmi við það átti stefnandi að fá í sinn hlut skuldabréf, að fjárhæð 3.689.820 kr., en Jón gefa út skuldabréf til stefnda, að fjárhæð 2.155.235 kr., til jöfnunar, þannig að heildargreiðslan yrði 12.000.000 kr.

Þegar skiptin fóru fram, hvíldu talsverðar veðskuldir á fasteigninni Skipholt 7. Meðal veðskulda var skuld á 1. veðrétti samkvæmt sex bréfum, út gefnum af stefnda 1. júlí 1981 til Sveinbjarnar Pálssonar, samtals að höfuð-

stól 621.000 kr., og sjö bréfum, út gefnum af stefnda til Guðmundar Hjartarsonar sama dag, samtals að höfuðstól 729.000 kr. Skuldarar að öðrum lánum, tryggðum með veði í Skipholti 7, voru ýmist Jón Friðriksson, Gellir hf., Gellir sf., Ægir hf. eða Ögmundur Friðriksson.

Þar sem ekki var staðið í skilum með greiðslu áhvílandi veðskulda, var umrædd fasteign seld á nauðungaruppboði 25. maí 1989. Hæsta boð í eignina var 25.000.000 kr., en þar sem sá, sem það átti, stóð ekki við uppboðsskilmála, var tekið næsthæsta boði, sem var frá Búnaðarbanka Íslands, að fjárhæð 24.000.000 kr. Samkvæmt frumvarpi að úthlutunargerð frá 28. desember 1989, er samþykkt var sem úthlutunargerð á uppboðsandvirðinu, greiddust allar veðkröfur að fullu. Þar af greiddust kröfur á 1. veðrétti, samtals að fjárhæð 4.038.676 kr.

III.

Stefnandi reisir kröfu sína á því, að með samkomulagi því, sem gert var 12. júní 1988, og kaupsamningi og afsali, dagsettu 25. júlí 1988, hafi stefnandi orðið eigandi fasteignarinnar Skipholts 7, Reykjavík, ásamt Jóni Friðrikssyni. Hvergi komi fram í þeirri samningsgerð, sem fram fór vorið og sumarið 1988, að stefnandi ætti að taka að sér skuld stefnda, sem hvíldi á 1. veðrétti á fasteigninni og greiddist af uppboðsandvirðinu. Miklu fremur virðist mega ráða það af tillögu þeirri um skipti, dagsettri 13. júní 1988, sem hafi verið grundvöllur kaupsamningsins 25. júlí 1988, að skuldir félagsins skyldu hvíla á því áfram, enda hafi eignir umfram skuldir einungis komið til skipta, auk þess sem ráða megi þetta af því, á hvaða verði fasteignin var metin sem greiðsla. Það hljóti að hafa orðið að koma skýrt fram, ef stefnandi og Jón Friðriksson hefðu átt að taka á sig greiðsluskyldu stefnda á skuldabréfum þessum. Hafi stefnandi í raun með nauðungaruppboðinu 25. maí 1989 greitt með eign sinni skuld, sem stefndi hafi borið persónulega ábyrgð á. Hljóti stefnandi því að eignast endurgjalds- eða endurgreiðslukröfu á hendur stefnda vegna þess tjóns, sem hann hafi orðið fyrir af þessum sökum, samsvarandi auðgun stefnda.

Stefnandi reisir kröfur sínar á reglum kröfuréttar um endurgjalds- og endurgreiðslukröfur. Þá vísar stefnandi til almennra reglna kröfuréttar um auðgunarkröfur og almennra reglna skaðabótaréttar, eftir því sem við eigi.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hann sé ekki réttur aðili máls þessa, og beri þegar af þeirri ástæðu að sýkna hann, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Einnig er til þess vísað, að hugsanlegar kröfur stefnanda séu fyrndar. Samningar þeir, sem mál þetta snúist um, hafi verið gerðir í júní og júlí

1988, afsal gefið út 8. desember 1988 og lokayfirlýsing aðila 14. febrúar 1989. Um hafi verið að ræða samninga um sölu á lausafé, sem kröfur fynnist út af á fjórum árum samkvæmt 3. gr. laga nr. 14/1905.

Verði ekki fallist á fyrningu, megi ljóst vera, að verulegt tómlæti stefnanda um ætluð réttindi sín leiði til sýknu. Stefnandi hafi m. a. aldrei gert athugasemdir eða fyrirvara við út gefin afsöl og yfirlýsingar, þar með talið í stefnu.

Þá er af hálfu stefnda minnt á, að við arfsuppgjör milli nefndra systkina hafi stefnandi og Jón Friðriksson fengið í sinn hlut fasteignina Skipholt 7. Hafi þau tekið á sig áhvílandi veðskuldir, bæði veðskuldir, sem stefndi hafði stofnað til, er fasteignin var keypt, og eins veðskuldir, sem Jón Friðriksson hafði stofnað til og fengið veðleyfi fyrir hjá stefnanda. Til veðskulda á 1. veðrétti hafi verið stofnað við kaup á eigninni. Hafi stefnanda verið fullkunnugt um veðskuldirnar, þegar samkomulag aðila var gert, og að þær fylgdu eigninni. Jafnframt hafi stefnandi veitt Jóni Friðrikssyni leyfi til að veðsetja eignina fyrir nýjum veðlánnum frá Búnaðarbanka Íslands og auk þess heimilað honum fjölda veðsetninga fyrr. Hafi fjárhæð þessara veðskulda verið slík, að með þeim megi segja, að stefnandi hafi ráðstafað hlutdeild sinni í eigninni. Hafi allar umræddar veðsetningar, sem fylgt hafi eigninni, verið síðari tíma uppgjörsatriði milli Jóns Friðrikssonar og stefnanda og stefnda óviðkomandi. Tvær veðskuldir hafi þó verið óviðkomandi stefnanda og Jóni og á ábyrgð Ögmundar, annars vegar skuld Ögmundar við Lífeyrissjóð verslunarmanna samkvæmt veðskuldabréfi, út gefnu 10. júlí 1985, upphaflega að fjárhæð 150.000 kr., sem greiðst hafi með 264.539 kr. við úthlutun uppboðsandvirðis, og hins vegar skuld við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis samkvæmt veðskuldabréfi, út gefnu 15. maí 1987, upphaflega að fjárhæð 750.000 kr., sem greiðst hafi við úthlutun uppboðsandvirðis með 157.736 kr. Á þessum veðskuldum hafi Ögmundur borið persónulega ábyrgð og fengið veðleyfi systkina sinna fyrir veðsetningunum.

Með yfirlýsingu 14. febrúar 1989, sem gefin hafi verið í tengslum við útgáfu og afhendingu afsals, dagsetts 8. desember 1988, hafi Ögmundur skuldbundið sig til að aflétta þessum veðskuldum og einu tryggingarbréfi. Vegna fjölda ábyrgðarskuldbindinga, sem fallið hafi á Ögmund vegna Gellis sf. og systkinin hafi öll borið ábyrgð á, hafi Ögmundur kosið að aflétta ekki þessum veðskuldum og talið sig hafa heimild til þess í samningum aðila.

Stefndi bendir á, að lokagreiðsla Ögmundar og endanlegt uppgjör við stefnanda hafi farið fram 28. júlí 1989, þ. e. eftir nauðungaruppboðið á Skipholti 7. Hafi stefnanda þá sem fyrr verið eða mátt vera kunnugt um veðsetningar á Skipholti 7, sem hún hefði tekið við, þar á meðal á 1. veðrétti, og að Ögmundur hafði ekki aflétt tveimur af umræddum veðskuldum

vegna viðbótarábyrgða hans, greiðslna fyrir Gelli sf. og ofgreiðslu kaupverðs, að fjárhæð 2.155.235 kr.

Pá er sýknukrafa einnig rökstudd með því, að stefnandi hafi tekið á sig umþrættar skuldir á 1. veðrétti í Skipholti 7, eins og fram komi í afsöllum og yfirlýsingum. Stefndi hafi alls ekki auðgast á viðskiptum sínum við stefnanda og Jón Friðriksson. Allar kröfur stefnanda séu stefnda óviðkomandi og ekkert samningssamband milli aðila, sem réttlæti málsóknina.

Enn fremur er sýknukrafa sérstaklega rökstudd með því, að stefnandi hafi með undirskrift sinni undir afsal, dagsett 8. desember 1988, og yfirlýsingu 14. febrúar 1989 fyrirgert öllum hugsanlegum rétti, – jafnframt, að með kvittun 28. júlí 1989, tveimur mánuðum eftir nauðungaruppboð á Skipholti 7 og löngu eftir að henni hafi verið ljóst af afsali, að hún og Jón Friðriksson hefðu tekið á sig veðskuldir á 1. veðrétti, gefið út fyrirvaralausa yfirlýsingu um, að hún gerði ekki frekari kröfur í málinu. Hafi kvittunin verið gefin út til stefnda í tilefni móttöku á eftirstöðvum kaupverðs hlutabréfa í stefnda.

Enn heldur stefndi því fram, að stefnandi geti hvorki átt endurgjalds- né endurgreiðslukröfur né heldur auðgunarkröfur á hendur stefnda. Veruleg eigin sök stefnanda hindri, að allur slíkur kröfuréttur stofnist og að Jón Friðriksson sé að öðru leyti einn ábyrgur. Komi hér m. a. til, að stefnandi hafi ekki gætt hagsmuna sinna með eðlilegum hætti við uppboð á Skipholti 7, sem leitt hafi til þess, að eignin hafi verið seld á nauðungaruppboði langt undir markaðsverði. Pá hafi stefnandi ekki tryggt rétt sinn, eins og henni hafi verið kostur, gagnvart Jóni Friðrikssyni og heimilað honum veðsetningu langt umfram eignarhluta hans í fasteigninni. Loks megi ljóst vera, að ef um auðgun sé að ræða vegna viðskipta stefnanda, Ögmundar og Jóns Friðriksbarna, hafi hún fallið í skaut Ögmundi og Jóni Friðrikssonum, en ekki stefnda. Felist ætluð auðgun í því, að Ögmundur eignast öll hlutabréf stefnda á lægra verði en samið hafi verið um. Standist það raunar ekki, og er því mótmælt.

Verði kröfur stefnanda teknar til greina að einhverju leyti, gerir stefndi kröfur um, að þeim verði skuldajafnað við greiðslur, sem stefndi og Ögmundur hafi greitt vegna Gellis sf., Jóns Friðrikssonar og þar með stefnanda. Um sé að ræða eftirtaldar greiðslur:

- | | | | |
|----|--|-----|---------|
| 1. | Skuld Gellis sf. við Íslenska útvarpsfélagið hf. | kr. | 500.000 |
| 2. | Skuld við Búnaðarbanka Íslands, sem stefndi ábyrgðist 28. janúar 1988 og ekki var reiknað með í uppgjöri aðila | – | 274.000 |
| 3. | Skuldir við Landsbanka Íslands vegna skulda-bréfa, út gefinna af Gelli sf. | – | 930.254 |

4.	Skuld við Eimskipafélag Íslands vegna flutninga fyrir Gelli sf.	– 1.224.890
5.	Skuldir Gellis sf. við Búnaðarbanka Íslands	– 1.250.000
6.	Ofgreitt kaupverð	– 1.155.235
Samtals		kr. 5.334.379

Það komi skýrt fram í samningum aðila, að stefnandi og Jón Friðriksson hafi skuldbundið sig til að halda Ögmundi Friðrikssyni/Friðriki A. Jónssyni hf. skaðlausum af ábyrgðum fyrir Gelli sf. og Jón Friðriksson.

Til vara er á því byggt, að Jón Friðriksson hafi einn ábyrgst greiðslu lána á 1. veðrétti vegna vanefnda á greiðslu 2.155.235 kr., og beri stefnanda að beina kröfum sínum að honum.

Um lagarök fyrir gagnkröfu vísar stefndi til 1. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991. Ögmundur Friðriksson muni framselja stefnda allar hugsanlegar kröfur sínar gagnvart stefnanda með yfirlýsingu fyrir dómi, þar á meðal hugsanlegan rétt vegna ofanefndra krafna, sem allar eigi rót sína að rekja til viðskipta, er um sé deilt í máli þessu.

Stefndi mótmælir dráttarvaxtakröfu stefnanda sem heimildarlausri. Sundurliðaðar og rökstuddar kröfur hafi ekki verið settar fram gagnvart stefnda fyrr en með stefnu. Kröfugerð hafi verið beint að Ögmundi Friðrikssyni. Dráttarvextir samkvæmt III. kafla vaxtalaga verði ekki dæmdir fyrr en í fyrsta lagi frá og með þingfestingu málsins.

Stefndi heldur því fram, að krafa stefnanda um virðisaukaskatt á málskostnað standist ekki, þar sem stefnandi sé búsett erlendis og verði ekki krafín um virðisaukaskatt.

IV.

Með kaupsamningi og afsali, dagsettu 25. júlí 1988, afsalaði stefndi í máli þessu stefnanda og Jóni Friðrikssyni fasteigninni nr. 7 við Skipholt hér í borg. Eignin var seld á nauðungaruppboði 25. maí 1989. Meðal skulda, sem greiddust af uppboðsandvirði, var skuld á 1. veðrétti, sem hið stefnda hlutafélag hafði stofnað til árið 1981. Stefnandi heldur því fram, að hún hafi ekki tekið að sér greiðslu umræddrar veðskuldar, er hún fékk fyrrgreinda fasteign í sinn hlut ásamt Jóni, bróður sínum, og krefst endurgreiðslu á helmingi þeirrar fjárhæðar, sem greidd var af uppboðsandvirði vegna skuldarinnar á 1. veðrétti. Samkvæmt þessu verður að telja, að við úthlutun uppboðsandvirðis hafi stofnast réttarsamband milli stefnanda og stefnda, sem er sjálfstæð lögpersóna. Er því hafnað kröfu stefnda um sýknu á grundvelli aðildarskorts.

Í máli þessu er höfð uppi endurgreiðslukrafa, en telja verður, að slík

krafa verði eigi gjaldkræf, fyrr en greiðsla hefur farið fram. Umrædd eign var seld á uppboði 25. maí 1989. Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 10. maí sl., og krafa stefnanda því hvergi fyrnd.

Lögmaður stefnanda ritaði framkvæmdastjóra og aðaleiganda stefnda, Ögmundi Friðrikssyni, bréf 17. ágúst 1990, þar sem vikið er að því, að eigi verði séð, að stefnandi hefði tekið á sig skuld á 1. veðrétti, sem stefndi hefði verið greiðandi að. Bréfi þessu svaraði lögmaður stefnanda 3. september s. á., þar sem því er haldið fram, að stefnandi og Jón Friðriksson hefðu tekið á sig skuldirnar á 1. veðrétti. Þá er þeirri spurningu beint til lögmanns stefnda með bréfi frá 6. nóvember 1992, hvort nefndur Ögmundur væri reiðubúinn að ganga til samninga við stefnanda um „sanngjarna lausn mála“ þeirra í millum, án þess að til málaferla þyrfti að koma. Samkvæmt þessu verður eigi talið, að stefnandi, sem búsett hefur verið erlendis allan tímann, hafi sýnt af sér slíkt tómlæti, að leiði til þess, að hún hafi glatað rétti sínum.

Af gögnum málsins verður eigi ráðið með ótvíræðum hætti, hvort stefnandi og Jón Friðriksson hafi tekið á sig skuld stefnda á 1. veðrétti í fasteigninni Skippholti 7, er sú eign kom í hlut stefnanda og Jóns við áðurnefnt arfsuppgjör milli þeirra og Ögmundar Friðrikssonar. Hins vegar er ljóst, að ýmislegt fór öðruvísi en ætlað var, eftir að gengið var frá arfsuppgjörinu, þannig að forsendur fyrir því breyttust, að miklu leyti vegna þeirra miklu fjárskuldbindinga, sem Jón Friðriksson stofnaði til vegna Gellis sf.

Hinn 10. mars 1989 fékk Hulda Óskarsdóttir Perry umboð frá stefnanda til að annast fyrir hennar hönd eignaskipti á hlut stefnanda í Skippholti 7 og jafnframt að sjá um önnur skipti, er tengdust erfðahlut stefnanda í Friðriki A. Jónssyni, stefnda í málinu. Þá náði umboðið til að undirrita öll skjöl, er vörðuðu þessi skipti, hvort sem um væri að ræða samkomulag, kaupsamning eða afsal.

Í málinu liggur fyrir kvittun, dagsett 28. júlí 1989, þar sem umrædd Hulda Óskarsdóttir Perry ritar eigin hendi samkvæmt umboði og kvittar fyrir viðtöku á 3.689.826 kr. frá stefnda. Um var að ræða eftirstöðvar kaupverðs hlutabréfa Ögmundar Friðrikssonar í hinu stefnda hlutafélagi. Á kvittuninni er eftirfarandi áritun: „Fullnaðaruppgjör vegna kaupa Ögmundar Friðrikssonar á hlutabréfum Guðbjargar F. Whalen í Friðriki A. Jónssyni hf., og hefur hvorugt þeirra kröfur á hendur hinu hér eftir. Greiðist með skuldbréfi samkv. kaupsamningi.“ Í skýrslu Huldu hér fyrir dómi kom fram, að hún hafði samband við lögmann símleiðis, áður en hún ritaði nafn sitt á kvittunina f. h. stefnanda samkvæmt áðurnefndu umboði og að hann hafi talið í lagi, að hún undirritaði kvittunina og tæki við greiðslunni.

Telja verður undirritun Huldu á kvittunina skuldbindandi fyrir stefnanda í máli þessu samkvæmt því skýlausa umboði, sem fyrir liggur og áður er getið um. Þegar það er virt, að kvittun þessi, sem er fyrirvaralaus, er gefin liðlega tveimur mánuðum eftir, að umrædd fasteign var seld á nauðungaruppboði, þar sem m. a. var lýst kröfum vegna veðskulda á 1. veðrétti, verður að telja, að stefnandi hafi fyrirgert frekari rétti sínum á hendur stefnda í máli þessu vegna arfsuppgjörs milli stefnanda og bræðra hennar, Jóns og Ögmundar. Samkvæmt því ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Helgi I. Jónsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Friðrik A. Jónsson hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Guðbjargar Friðriksdóttur Whalen, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
